

FRAMLEIÐSLA Í ÍSLENSKU FISKELDI

ÁRIÐ 1995

Stefán Eiríkur Stefánsson

Reykjavík, febrúar 1996 VMST-R/96002

SAMANTEKT

Á skrá hjá veiðimálastofnun eru 70 fiskeldis- og hafbeitarstöðvar. Framleidd voru um 4.821 þús. gönguseiði á árinu 1995, þar af fóru 3.205 þús. gönguseiði í sleppingar í hafbeit, 1.256 þús. í áframeldi og 360 þús. í fiskirækt. Birgðir af lifandi laxi í áframeldi, voru í árslok 1995, 1.920 tonn sem er 166 tonna aukning frá fyrra ári. Fiskeldis- og hafbeitarstöðvar slátruðu 2.880 tonnum af laxi (óslægðum) á árinu 1995 miðað við 2.896 tonn árið áður.

Af silungi voru framleidd 1.304 þús. gönguseiði á árinu 1995, þar af fóru 1.283 þús. í eldi og 21 þús. gönguseiði í fiskirækt. Framleiðsla af slátruðum silungi (óslægðum) á árinu 1995 var 859,6 tonn miðað við 574 tonn á árinu 1994. Mest var slátrað af bleikju á árinu 1995 eða 471 tonnum, 378,7 tonnum af regnbogasilungi og 9,9 tonnum af urriða. Aukning varð um 120 tonn í brigðastöðu bleikju milli ára en birgðastaða regnbogasilungs minnkaði.

Heildarframleiðsluverðmæti í fiskeldi eru um 1.150 milljónir á árinu 1995 sem er óbreitt frá fyrra ári. Verðmæti útfluttra fiskeldisafurða á árinu 1995 var 860,1 milljónir en 849 milljónir árið áður. Flutt voru út 2.639,6 tonn af fiskeldisafurðum á árinu 1995 sem er 310 tonnum meira en árið 1994. Á innanlandsmarkað fóru u.þ.b. 791 tonn af laxi og silungi að verðmæti um 250 milljónir króna sem er svipað magn og verðmæti og á árinu 1994. Meðalverð á útfluttum eldisafurðum var 326 kr/kg á árinu 1995 en var 365 kr/kg á árinu 1994 sem er um 10,7% meðaltalslækkun milli ára. Verð á laxi lækkaði um 11% milli árana 1994-95 og flutt var út 56% (83 tonn) minna magn af unnum eldisafurðum á árinu 1995 miðað við árið áður. Meðalverð á bleikju hækkaði hins vegar um 9-10% milli ára. Reiknað er með að veiðiréttareigendur og aðrir hagsmunaaðilar hafi varið u.þ.b. 40 milljónum í fiskirækt á árinu 1995 sem er lítilsháttar aukning frá fyrra ári.

Störf í fiskeldi svöruðu til 162 manna.

Mikil minnkun er fyrir séð í sleppingum á hafbeitarseiðum á árinu 1996 en aukning í seiðasleppingum til fiskiræktar. Gert ráð fyrir aukningu í framleiðslu á laxi og silungi upp á um 480 tonn árið 1996.

	Framleiðsla af slátruðum eldisafurðum (óslægt) síðustu sjö árin, ásamt áætlaðri framleiðslu á árinu 1996.							
	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995	Áætlun 1996
Hafbeitarlax	136 tonn	280 tonn	345 tonn	460 tonn	496 tonn	308 tonn	289 tonn	329 tonn
Strand- og landeldi	774 tonn	1739 tonn	1195 tonn	1413 tonn	1621 tonn	1830 tonn	1847 tonn	2100 tonn
Kvía og fareldi	706 tonn	977 tonn	1490 tonn	712 tonn	727 tonn	758 tonn	744 tonn	870 tonn
Regnbogas.	150 tonn	24 tonn	65 tonn	73 tonn	221 tonn	162 tonn	379 tonn	370 tonn
Bleikja	10 tonn	69 tonn	217 tonn	321 tonn	340 tonn	388 tonn	471 tonn	550 tonn
Urriði	37 tonn	20 tonn	25 tonn	5 tonn	5 tonn	24 tonn	10 tonn	1 tonn
Samtals	1813 tonn	3109 tonn	3337 tonn	2984 tonn	3410 tonn	3470 tonn	3739 tonn	4220 tonn

Efnisyfirlit

1. Inngangur.....	1
2. Fiskeldis- og hafbeitarstöðvar.....	1
3. Framleiðslan 1995.....	2
3.1 Laxeldi.....	2
3.2 Silungseldi.....	4
3.3 Framleiðsla eldisstöðva til fiskiræktar á árinu 1995.....	6
3.4 Mælikvarði á framleiðni í áframeldi laxa 1995.....	6
4. Annað eldi.....	7
5. Atvinnutækifæri í fiskeldi.....	7
6. Eldisrými fiskeldisstöðva á árinu 1995.....	8
7. Birgðir af lifandi fiski.....	8
8. Útflutnings- og innanlandssala á eldisafurðum.....	9
9. Heildarframleiðsla fiskeldisstöðva árið 1995 og áætluð framleiðsla af sláturfiski á árinu 1996.....	10
Viðaukar.	

1. INNGANGUR

Í þessu upplýsingariti Veiðimálastofnunar, er fjallað um framleiðslu í fiskeldi og hafbeit á árinu 1995. Meðal efnis er greinargerð um hlut einstakra eldisgreina í framleiðslunni. Yfirlit er gefið yfir fjölda atvinnutækifæra í fiskeldi, eldisrými, útflutning- og innanlandssölu, mælikvarða í áframeldi og aðrar eldistegundir. Fjallað er um verðmæti seldra afurða, birgðastöðu um áramótin 1995-1996 og áætlað framleiðslumagn í íslensku fiskeldi á árinu 1996. Að síðustu eru veittar almennar upplýsingar um fiskeldisfyrirtæki í landinu. Allar framleiðslutölur í skýrslunni eru gefnar upp sem óslægðar afurðir, nema annað sé tilgreint.

Allar upplýsingar sem hér eru birtar um framleiðslu í íslensku fiskeldi eru fengnar frá Hagstofunni og forsvarsmönnum fiskeldisstöðva og eru þeim færðar bestu þakkir fyrir gott samstarf.

2. FISKELDIS- OG HAFBEITARSTÖÐVAR


Á skrá hjá Veiðimálastofnun voru um áramótin 1995-1996 alls 69 fiskeldisstöðvar. Með skráðum stöðvum er átt við stöðvar, sem voru í rekstri um áramót 1995-1996. Við mat á fjölda stöðva er notast við landfræðilegar forsendur. Það er að segja að fiskeldisstöðvar sem eru með fiskeldi eða hafbeit á þrem vel landfræðilega aðskildum stöðum flokkast sem þrjár stöðvar og fiskeldisfyrirtæki með seiðaeldi, strandeldi og hafbeit á sama stað flokkast sem ein stöð. Rekstur hafbeitarstöðva hefur breyst mest á síðustu árum en einungis 2 hafbeitarstöðvar áætla að sleppa seiðum á árinu 1996 en 4 stöðvar slepptu seiðum árið 1995 en 6 árið 1994. Framleiðsla og rekstur annarra eldisstöðva var samkvæmt áætlun. Aukning af slátruðum silungi var 47% milli ára en framleiðsla af slátruðum laxi var svipuð milli ára. Eftirfarandi eldisaðferðir eru notaðar hér á landi: seiðaeldi, land- og strandeldi, kvía- og fareldi, og hafbeit. Upplýsingar varðandi eldisaðferðir og tegundir í eldisstöðvum eru gerð skil í Viðauka 1. Tilraunastöðvar í fiskeldi voru 7, af þeim voru tvær stöðvar með tilraunaeldi á sjávarfiskum.

3. FRAMLEIÐSLAN 1995

3.1 Laxeldi

Á árinu 1995 framleiddu 18 fiskeldis- og hafbeitastöðvar samtals 4.821 þús. gönguseiði en gönguseiðaframleiðslan 1994 var 5.418 þús. gönguseiði. Árið 1995 fóru u.þ.b. 1.256 þús. gönguseiði í áframeldi, 3.205 þús. gönguseiði í hafbeit (Mynd 2) og 360 þús. gönguseiði í fiskirækt. Á árinu 1995 slátruðu 13 fiskeldisstöðvar 2.591 tonnnum af laxi og 7 hafbeitarstöðvar endurheimtu 289 tonn af laxi. Framleiðsla af slátruðum laxi á árinu 1995 var því 2.880 tonn en árið 1994 slátraði 21 stöð 2.896 tonnnum. Í sölu- og framleiðslutölum er ekki gert ráð fyrir rýrnun vegna slægingar. Í árslok 1995 voru birgðir u.þ.b. 1.920 tonn af lifandi laxi í kvía- og landeldisstöðvum sem er 166 tonna aukning milli ára. Út frá birgðum og áætluðu framleiðslumagni kvía- og landeldisstöðva, er reiknað með að slátrað verði um 2.970 tonnnum af eldisfiski á árinu 1996 og endurheimtur í hafbeit verði um 329 tonn miðað við 3 % endurheimtur.

HAFBEIT: Alls endurheimtu 7 hafbeitarstöðvar 77.757 stk. af 1 árs laxi og 10.770 stk. af 2 árs laxi úr sjó sumarið 1995. Hafbeitarstöðvar endurheimtu 308 tonn af laxi árið 1994 en 289,1




Mynd 1. Endurheimtur af hafbeitarlaxi (í tonnum) síðustu 9 árin ásamt áætluðum endurheimtum árið 1996.

tonn árið 1995 sem er um 6% minnkun í tonnum milli ára. Reikna má með svipuðum heimtum í hafbeit sumarið 1996 og á síðasta ári. Hins vegar er mikil minnkun fyrirsjáanleg næstu ár. Eingöngu tvær hafbeitarstöðvar áætla að sleppa 1.650.000 gönguseiðum vorið 1996 þ.e. Lárós og Þrotabú Silfurlax. Sumarið 1995 slepptu hins vegar 4 hafbeitarstöðvar 3.205 þús. laxaseiðum í hafbeit.

Meðaltals endurheimtur á hafbeitarlaxi sumarið 1995 var 1,62% af 1 árs laxi og 0,3% af 2 ára laxi. Endurheimtur og meðalþyngd á hafbeitarlaxi voru mismunandi milli fyrirtækja. Áætlað er að endurheimtist u.þ.b. 329 tonn af laxi úr hafbeit á árinu 1996 (Mynd 1). Við útreikning á áætluðum heimtum í hafbeit er reiknað með 3% heimtum af 1 árs laxi (2,8 kg) og 0,2% heimtur af laxi sem kemur eftir tvö ár úr sjó (6,2 kg). Meðalþyngd á 1 árs laxi úr hafbeit árið 1995 var 2,89 kg en 2,85 kg árið 1994. Meðalþyngd á 2 árs laxi úr hafbeit var 6,31 kg 1995 en var 6,2 kg 1994.

Dyrhólalax
Hafbeitars. Kirkjufelli
Jökull
Laxeldisstöð ríkissins
Lárós
Silfurlax
Vogavík

Hafbeitarstöðvar sem endurheimtu lax á árinu 1995




Mynd 2. Fjöldi gönguseiða (í þús) sem sleppt var í hafbeit og sett í matfiskeldi síðustu 9 árin, ásamt áætluðum fjölda fyrir árið 1996.

STRAND- OG LANDELDI: Slátraður lax frá strand- og landeldisstöðvum á árinu 1995 var 1.847 tonn og stóðu 6 stöðvar að þessari framleiðslu en árið 1994 slátruðu sömu stöðvar 1.577 tonnum. Reiknað er með að 9 stöðvar slátri laxi á árinu 1996. Birgðastaða strand- og landeldisstöðva í árslok 1995 voru um 1.100 tonn af lifandi laxi. Út frá birgðastöðu af lifandi fiski um áramót og áætluðum sláturtölum fiskeldismanna, má gera ráð fyrir umtalsverðri aukningu af slátruðum laxi á árinu 1996 eða u.þ.b. 2.100 tonnum. (Mynd 3).

Höfi
Íslandslax
Jökull
Norr. Sjöeldið
Silfurstjarnan
Silungur
Stofnfiskur
Straumfiskur
Sæbyli

Land- og strandeldis-
stöðvar á árinu 1995




Mynd 3. Framleiðsla (í tonnum) af óslægðum slátruðum laxi frá land- og strandeldisstöðvum síðustu 9 árin ásamt áætluðu sláturmagni árið 1996

KVÍA- OG FARELDI: 7 kvía- og fareldisstöðvar slátruðu 743,5 tonnum af laxi árið 1995, en árið 1994 slátruðu 7 stöðvar 1.011 tonnum af laxi. 7 kvía- og fareldisstöðvar verða starfræktar á árinu 1996 og gert er ráð fyrir að ein stöð hætti starfsemi. Birgðastaða í árslok 1995 var 820 tonn af lifandi laxi. Út frá birgðastöðu og áætluðum sláturtölum fiskeldismanna er reiknað með að um 870 tonnum verði slátrað úr kvía- og fareldisstöðvum á árinu 1996 (Mynd 4).

Austfirðingur
Eyrædd
Nóri
Rífs
Strandarlax
Sveinseyrlax
Vikulax

Kvía- og fareldisstöðvar á árinu 1995.



Mynd 4. Framleiðsla af óslægðum slátruðum laxi (í tonnum) frá kvíaeldisstöðvum síðustu 9 árin ásamt áætluðu sláturmagni árið 1996.


3.2 Silungseldi

Á árinu 1995 stunduðu 40 fiskeldisstöðvar framleiðslu á silungi. Þar af voru 6 stöðvar með regnbogasilung, 34 stöðvar með bleikju og 7 stöðvar með urriða. Í slátur- og framleiðslutölum er ekki gert ráð fyrir rýrnun vegna slægingar (um óslægðan fisk er að ræða). Fiskeldisstöðvar slátruðu 859,6 tonnum af silungi á árinu 1995 en 575 tonnum á árinu 1994 sem er um 49 % aukning milli ára. Út frá birgðastöðu og áætlaðri framleiðslu fiskeldisstöðva má gera ráð fyrir að slátrað verði um 950 tonnum af silungi á árinu 1996 sem er um 10,5% aukning. Af silungi voru framleidd 1.283 þús. gönguseiði í eldi og 21 þús. til fiskiræktar á árinu 1995 sem er svipað magn og framleitt var 1994.

Eldis. S-Knarrartunga
Eldisstöðin Miðhrauni
Eldisstöðin Seftjörn
Eyraeldi
Fiskeldisstöðin Djúpa
Hólalax
Nauteyri
Silfurstjarnan
Silungur
Svarthamar

10 stærstu bleikjuframleiðendur 1995

ELDI Á BLEIKJU: Á síðasta ári slátruðu 33 eldisstöðvar 471 tonnnum af bleikju (óslægður fiskur) sem er um 21 % aukning frá árinu 1994 en þá slátruðu 39 eldisstöðvar 388 tonnnum af óslægðri bleikju (Mynd 5). 24 eldisstöðvar voru með framleiðslu á bleikjuseiðum á árinu 1995. Birgðastaða af bleikju í eldisstöðvum í árslok 1995 var um 450 tonn. Út frá birgðastöðu í árslok 1995 og áætluðu sláturmagni eldisstöðva er reiknað með að framleiðslan árið 1996 verði u.þ.b. 550 tonn af óslægðri bleikju.




Mynd 5. Heildarmagn af slátraðri bleikju (í tonnum) síðustu 9 árin ásamt áætluðu sláturmagni á árinu 1996

ELDI Á REGNBOGASILUNGI OG URRÍÐA: Á árinu 1995 slátruðu 5 eldisstöðvar 378,7 tonnnum af óslægðum regnbogasilungi sem er 133% aukning milli ára en á árinu 1994 slátruðu 4 stöðvar 162 tonnnum af regnbogasilungi. Birgðastaða af regnbogasilungi um áramótin 1995-96, var um 247 tonn sem er minnkun milli ára. Út frá birgðastöðu má því reikna með að framleiðsla minnki eitthvað á slátruðum regnbogasilungi, verði um 370 tonn á árinu 1996 (Mynd 6). Á síðasta ári framleiddu 4 eldisstöðvar regnbogasilungsseiði. Í eldi á urriða, slátruðu 4 eldisstöðvar 9,9 tonnnum á árinu 1996 en gert er ráð fyrir að slátrað magn af urriða verði innan við 1 tonn á árinu 1996.

Eldisstöðin Kverngrjóti
Laxinn
Merkisteinn
Njörvi
Silungur

Eldisstöðvar með slátraðan regnbogasilung á árinu 1995.



Mynd 6. Heildarmagn af slátruðum regnbogasilungi síðustu 9 árin, ásamt áætluðu sláturmagni á árinu 1996.

3.3 Framleiðsla eldisstöðva til fiskiræktar á árinu 1995

Verðmætum varið í seiðakaup til fiskiræktarsleppinga var að meðaltali um 23-24 milljónir á ári, árin 1970-90. (Heimild: Sigurður Már Einarsson o.fl.). Áætluð seiðakaup veiðifélaga og veiðiréttareigenda á árinu 1995 er u.þ.b. 40 milljónir á móti 35,5 milljónum í seiðasleppingar á árinu 1994. Gera má ráð fyrir að rúmlega helmingur verðmæta seiðasleppinga liggi í sleppingum gönguseiða en gönguseiðasleppingar jukust um 23% milli ára. Auknar sleppingar má fyrst og fremst rekja til minni laxgengdar síðustu árin og fiskiræktar í laxlitlum ám.

Tafla 1. Heildarmagn seldra afurða frá eldisstöðvum í fiskrækt á árinu 1995

	Lax	Urriði
Kviðpokaseiði	582 þús	200 þús.
Sumaralin seiði	350 þús.	145 þús.
Smáseiði	90 þús.	17 þús.
Gönguseiði	355 þús.	19 þús.
Stórseiði	5 þús.	5 þús.

3.4 Mælikvarði á framleiðni í áframeldi laxa 1995

Framleiðsla í áframeldi laxa er hér skoðuð í ljósi þess hve miklar seldar afurðir fengust af þeim seiðum sem fóru í áframeldi tveimur árum áður. Þessi mælikvarði, sem gengur út frá ráðandi framleiðsluferlum, gefur möguleika á einföldum samanburði á framleiðni laxeldis á milli ára. Árið 1995 seldu strand- og kvíaeldisstöðvar 2.591 tonn af laxi + 166 tonna aukning af lifandi laxi í birgðum. Að baki þessari framleiðslu standa um 1.364 þús. laxaseiði sem framleidd voru til áframeldis á árinu 1993. Samkvæmt þessum tölum liggja 2.021 gr. að baki hverju seiði árið 1995. Árið 1994 lágu hins vegar 1.949 gr. að baki hverju seiði. Þetta er því um 3,7% bati milli ára. Gott jafnvægi er náð í framleiðslu á seiðum og eldislaxi. Verulegur árangur hefur náðst í sjúkdómsvörnum með bólusetningu sem leiðir til þess að afföll verða lægri í eldi. Eldismenn eru farnir að framleiða markvisst það magn af góðum gönguseiðum sem þörf er á miðað við ákveðna framleiðslu. Hraðvaxta stofnar í eldi, súrefnisbæting og gott fóður ásamt markvissri seiðaframleiðslu og bættri tímasetningu á slátrun, hefur haft allt að segja í aukningu á framleiðni síðastliðin ár.

4. ANNAÐ ELDI

Tilraunir með lúðu- og sandhverfueldi voru framkvæmdar að Stað í Grindavík á vegum Hafrannsóknastofnunar. Einnig fór þar fram tilraunaeldi á þorsk. Hjá Fiskeldi Eyjafjarðar hf. á Hjalteyri og voru í gangi tilraunir með klak og frumfóðrun á lúðu og í Grindavík matfiskeldi á lúðu.

Mákur ehf. á Sauðárkróki er með tilraunaeldi á Barra. Reiknað er með fyrstu slátrun á þessu ári. Um er að ræða hlýsjávartegund sem þekkt er í eldi um alla Evrópu.

Í Sæbyli ehf. í Vogum á Reykjanesi, hefur eldi á sæeyra (Red abalone) verið starfrækt frá árinu 1994. Reiknað er með að slátrun hefjist í árslok 1997 og að fyrirtækið verði með full afköst árið 1999.

Á árinu 1995 var slátrað um 33 tonnum af þorski úr kvíum frá 5 stöðvum. Stöðvarfjörður (12 t.), Norðfjörður (12 t.), Hnífsdalur (6 t.), Dýrafjörður (2 t.) og Álftafjörður (1 t.) Um er að ræða undirmálsþorsk sem settur er í kvíar og alinn að sláturstærð. Áætlað fiskmagn í kvíum um áramótin 1995-6 er um 30 tonn. Reiknað er með að slátrað verði um 40-50 tonnum af þorski úr kvíum á árinu 1996.

5. ATVINNUTÆKIFÆRI Í FISKELDI

Störf í fiskeldi á árinu 1995 svöruðu til 162 mannára og er þetta fækkun um 2,5 árstörf frá 1994 en þá var fjöldi ársstarfa í fiskeldi 164,5. Flest mannár voru unnin í Norðurlandskjördæmi eystra og Reykjanes-kjördæmi. (Tafla 2). Hér eru ótalin störf er varða aðgerð á fisk, þökkun, reykingu, flutning, fóðurframleiðslu, sölu og þjónustu svo eitthvað sé nefnt sem tengist fiskeldi.

Tafla 2	Dreifing mannára í fiskeldi milli kjördæma í landinu og meðalfjöldi mannára í fiskeldisstöð.		
<i>Kjördæmi</i>	<i>Mannár</i>	<i>Fjöldi stöðva</i>	<i>Meðaltalsfjöldi á stöð</i>
Reykjavík	6	3	2,0
Reykjanes	42	8	5,3
Vesturland	12,4	13	1,0
Vestfirðir	16,5	6	2,8
Norðurland vestra	13	4	3,3
Norðurland eystra	43,3	11	3,9
Austurland	7,2	5	1,4
Suðurland	21,6	20	1,1
Samtals	162	70	2,3

6. ELDISRÝMI FISKELDISSTÖÐVA Á ÁRINU 1995

Heildarrými fiskeldis og hafbeitarstöðva sem voru í rekstri á árinu 1995 var samtals 231 þús. m³ (Tafla 3). Á árinu 1995 jókst eldisrými sjókvía en annað rými stóð í stað. Á árinu 1996 er ekki gert ráð fyrir að breytingar verði á eldisrými nema lítilsháttar minnkun í kvíaeldi. Framleiðslugeta eldisstöðva er svipuð og hún hefur verið síðustu árin u.þ.b. 4.450 tonn þar af er framleiðslugetan um 1.200 tonn í kvía- og fareldi, 3.100 tonn í landeldi, 150 tonn í jarðtjörnum. Eldisrými í seiðaeldi er um 20.000 m³ sem er framleiðslugeta á um 10,3 milljónir gönguseiða.

Tafla 3

	Ferskvatnseldi Rými (m ³)	Ísalt-eldi Rými (m ³)	Sjávareldi Rými (m ³)	Samtals Rými (m ³)
Seiðaeldi	20.542 m ³			20.542 m ³
Land- og strandeldi	10.829 m ³	80.970 m ³	29.709 m ³	121.508 m ³
Kvía-og fareldi		38.300 m ³	41.830 m ³	80.130 m ³
Jarðtjarnir	8.682 m ³			8.682 m ³
Samtals	40.053 m ³	119.270 m ³	71.539 m ³	230.862 m ³

7. BIRGÐIR AF LIFANDI FISKI

Aukning á laxaseiðum fyrir matfiskeldisstöðvar var um 10% á árinu 1995. Töluvert minna magn var framleitt af hafbeitarseiðum á síðasta ári. Á árinu 1996 reiknað með að lítilsháttar

Tegund\Stærð	< 5 gr.	5-25 gr	25-100 gr
Lax	596.500	1.563.000	3.051.700
Regnbogas.	36.000	97.000	550.000
Bleikja	165.370	602.725	669.600
Urriði	0	4.000	53.000
Samtals	797.870	2.266.725	4.324.300


aukning verði á framleiðslu laxaseiða í matfiskeldi. Í framleiðslu af bleikjuseiðum varð töluverð aukning á síðasta ári og lítur framleiðslan út fyrir að verða svipuð á árinu 1996 og hún var í fyrra. Af regnbogasilungi varð hins vegar minnkun í

Tegund\Stærð	100-500 gr.	500-1000 gr.	1-2 kg	2-3 kg	> 3 kg
Lax	751.700	504.244	280.600	204.644	140.474
Regnbogas.	512.000	54.000	52.750	3.330	0
Bleikja	765.868	214.062	163.320	1.050	0
Urriði	9.100	200	100	0	0
Samtals	2.038.668	772.506	496.770	209.024	140.474

seiðaframleiðslu á árinu 1995 en útlit er fyrir aukningu á þessu ári. Af urriða varð töluverð aukning í seiðaframleiðslu en framleidd urriðaseiði fara nær öll í fiskirækt. Útlit er fyrir svipaða framleiðslu á árinu 1996 og á árinu 1995. Í töflum 5 og 6 má sjá sameiginlega birgðastöðu (fjöldi fiska í stk.) í fiskeldis- og hafbeitarstöðvum um áramótin 1995-96. Birgðastaða af eldislaxi og bleikju í áframeldi um áramótin 1995-1996 hefur aukist töluvert frá áramótum 1994-1995, en birgðastaða af regnbogasilungi og urriða hefur minnkað hefur milli ára.

8. ÚTFLUTNINGS- OG INNANLANDSSALA Á ELDISAFURÐUM

Á árinu 1995 voru flutt út 2.639.553 kg. af laxi og silungi að verðmæti 860,08 millj. en á árinu 1994 var útflutningur 2.328.707 kg að verðmæti 848,9 millj. (Heimild: Hagstofan 1996). Útflutningur af laxi og silungi jókst um 13,3 % en tekjur einungis um 1,4 % milli ára. Framleiðsluaðilar (reykhús, fisksalar o.fl.) seldu erlendis á árinu 1995 u.þ.b. 148 tonn af unnum eldisfiski sem er um 83 tonnum minna en á árinu 1994. Á árinu 1995 var meðalverð á



Mynd 7. Útflutningur af eldisafurðum laxfiska í tonnum og útflutningsstekjur í milljónum síðustu 9 árin.

Tollskrár.nr.	Tollaheiti	Magn	FOB (Isl. kr.)	Meðalverð	
				1995	1994
0301-9911		893 kg	3.434.597 kr	3846 kr	
0302-7021	Laxahrogn	112 kg	584.750 kr	5221 kr	
0302-7029	Laxahrogn	25 kg	190.772 kr	7631 kr	
0302-1101	Ferskur heill eldissilungur (Bleikja)	188.022 kg	73.234.628 kr	390 kr	380 kr
0302-1109	Annar heill ferskur silungur	3.411 kg	1.594.383 kr	467 kr	347 kr
0302-1201	Ferskur heill eldisfiskur (Eldislax)	1.599.704 kg	443.552.344 kr	277 kr	312 kr
0302-1209	Annar ferskur heill lax	48.069 kg	20.844.943 kr	434 kr	395 kr
0302-1900	Annar ferskur heill laxfiskur (Bleikja)	72.077 kg	27.716.199 kr	385 kr	323 kr
0303-2101	Heilfrystur eldissilungur (Regnbogas.)	263.792 kg	61.661.791 kr	234 kr	239 kr
0303-2109		4.980 kg	1.174.844 kr	236 kr	
0303-2201	Heilfrystur eldislax	135.706 kg	40.329.875 kr	297 kr	272 kr
0303-2209	Annar heilfrystur lax (Hafbeitarlax)	149.611 kg	76.145.506 kr	509 kr	392 kr
0304-1031	Fersk laxaflok	18.926 kg	11.723.158 kr	619 kr	359 kr
0304-1032	Fersk silungsflök (Bleikja)	55.837 kg	20.547.932 kr	368 kr	656 kr
0304-2034	Laxaflok í blokk	10.342 kg	11.288.644 kr	1.092 kr	1.247 kr
0304-2035	Ófryst laxaflok	70 kg	44.317 kr	633 kr	298 kr
0304-2036	Silungsflök í blokk	236 kg	224.104 kr	950 kr	223 kr
0304-2037	Önnur landfryst silungsflök (Bleikja)	8.954 kg	7.422.215 kr	829 kr	763 kr
0305-4100	Reyktur lax	67.513 kg	54.647.857 kr	809 kr	1.084 kr
0305-4200		11.171 kg	3.653.173 kr	327 kr	
0305-4901	Reyktur silungur	102 kg	67.540 kr	662 kr	955 kr
	Samtals	2.639.553 kg	860.083.572 kr	326 kr	365 kr

útfluttum eldisafurðum 326 kr/kg en á árinu 1994 var meðalverð 365 kr/kg sem er um 10,7% meðaltalslækkun milli ára. Meðaltalsverð af útfluttri bleikju hækkaði um 9-10% en lax lækkaði hins vegar um 12-13% milli árunna 1994-5. Miðað við uppgæfnar tölur

Hagtiðinda og eldisstöðva má gera ráð fyrir að innanlandsneysla sé u.þ.b. 791 tonn af óslægðum eldisafurðum á árinu 1995. Áætlað söliverðmæti af laxi og silungi á innanlandsmarkaði er því um 250 milljónir. Við útreikning á innanlandsverðmætum er reiknað

með 320 kr/kg meðalverði á óslægðum laxi og silungi. Seiðasala eldisstöðva til veiðifélaga og annarra hagsmunaaðila var um 40 millj. á árinu 1995. Heildarverðmæti seldra afurða í fiskeldi er því u.þ.b. 1.150 milljónir á árinu 1995. Útflutningsverðmæti lax og silungs á árinu 1995 voru u.þ.b. 50% af heildarútflutningstekjum í landbúnaði og að baki hverju starfi í fiskeldi liggja u.þ.b. 5,3 milljónir í útflutningstekjur en í sjávarútvegi liggja u.þ.b. 5,5 milljónir í útflutningstekjur að baki hverju starfi. Á mynd 7 sést útflutningur af fiskeldisafurðum í tonnum ásamt útflutningsverðmætum.

9. HEILDARFRAMLEIÐSLA FISKELDISSTÖÐVA ÁRIÐ 1995 OG ÁÆTLUÐ FRAMLEIÐSLA AF SLÁTURFISKI Á ÁRINU 1996

Heildarframleiðsla í fiskeldi á árinu 1995 var 3.893,52 tonn (Tafla 7) en á árinu 1994 var heildarframleiðsla í fiskeldi 3.602 tonn. Heildarframleiðsla í fiskeldi jókst því um 8 % á milli áranna 1994 og 1995. Heildarframleiðsla hjá laxeldis- og hafbeitarstöðvum á árinu 1995 er fengin með því að:

(Birgðir af lifandi eldisfiski um áramótin 1995-96) - (birgðir af lifandi fiski um áramótin 1994-95) + (heildarmagn af slátruðum (óslægðum) eldisfiski á árinu 1995).

Tafla 7	Birgðir af lifandi fiski um áramót í tonnum		Magn af óslægðum slátruðum afurðum 1995	Heildarframl af eldisfiski 1995
	1995-6	1994-5		
Hafbeitarlax	(289,13 tonn)	- (289,13 tonn)	+ (289,13 tonn)	= (289,13 tonn)
Eldislax	(1.920,00 tonn)	- (1.769 tonn)	+ (2.590,62 tonn)	= (2.741,62 tonn)
Regnbogas.	(247,00 tonn)	- (355 tonn)	+ (378,69 tonn)	= (270,69 tonn)
Bleikja	(450,00 tonn)	- (330 tonn)	+ (470,98 tonn)	= (590,98 tonn)
Urriði	(2,17 tonn)	- (11 tonn)	+ (9,93 tonn)	= (1,10 tonn)
Samtals	(2.619,17 tonn)	- (2465 tonn)	+ (3.739,35 tonn)	= (3.893,52 tonn)

Sú aukning sem varð í heildarframleiðslu í fiskeldi á árinu 1995 má rekja til vaxandi birgða af lifandi laxi og bleikju ásamt aukinni framleiðslu af slátruðum regnbogasilungi og bleikju. Fyrirtæki hafa í auknum mæli hafið eldi á silungi en framleiðsla í silungselði hefur aukist mikið hin síðari ár. Heildarframleiðsla af silungi var 862,77 tonn á árinu 1995 en var 733 tonn á árinu 1994 sem er aukning um 18 % milli ára. Framleiðsla af slátruðum silungi hefur aldrei verið meiri en árið 1995 eða um 859,6 tonn sem er 49% aukning frá fyrra ári.

Magn af slátruðum eldislaxi var svipað á árinu 1995 og það var 1994 en 8,5% birgðaaukning varð á síðasta ári af eldislaxi. Heildarframleiðsla af eldislaxi var 2.791,62 tonn á árinu 1995. Á árinu 1995 endurheimtu hafbeitarstöðvar 289,13 tonn úr hafbeit sem er töluvert minni heimtur en reiknað var með. Á árinu 1995 var sleppt 3.205 þús. gönguseiðum í hafbeit og áætlað er að sleppa rúmlega 1.650 þús. gönguseiðum í hafbeit sumarið 1996.

Í áætlaðri framleiðslu af sláturefiskum á árinu 1996 er reiknað er með að hafbeit gefi af sér 329 tonn af laxi. Til grundvallar útreikningi á endurheimtum á hafbeitarlaxi er gert ráð fyrir 3% endurheimtum af laxi eftir 1 vetur í sjó með 2,8 kg meðalþyngd, og hins vegar 0,2% heimtum af laxi eftir 2 vetur í sjó með meðalþyngd 6,2 kg. Í strand- og landeldisstöðvum voru 1.100 tonn af lifandi laxi í birgðum og reiknað er með að slátrað verði u.þ.b. 2.100 tonnum á árinu

1996. Í kvía- og fareldisstöðvum var birgðastaða í árslok 1995 um 870 tonnum af laxi og reiknað er með að 820 tonnum verði slátrað á árinu 1996. Af silungi er reiknað með að um 950 tonnum verði slátrað á árinu 1996, þar af er bleikja um 550 tonn, regnbogasilungur 370 tonn og urriði innan við 1 tonn. Birgðastaða af silungi um áramótin 1995-96 var um 699 tonn (Tafla 7).

VIDAUKAR

ELDISSTÖÐ	STÖÐVARSTJÓRI	STADSETNING	MYNDSENDIR	P.BOX	PÓSTFANG	SÍMI
AUSTURLAND						
AUSTFIRÐINGUR HF	SIGTRYGGUR HREGGVIÐSSON	SMIÐJUSTÍGUR 1			735, ESKIFJÖRÐUR	4761476
ELDISSTÖÐIN SELDAL	STEFANÍA G. GÍSLADÓTTIR	SELDAL			740, NESKAUPSSTAÐUR	4771494
ELDISSTÖÐIN PRÁNDARSTÖÐUM	STEFÁN JÓHANSSON	PRÁNDARSTÖÐUM	4713866		701, EGILSSTAÐIR	4713846
FISKELDISSTÖÐIN ORMSTÖÐUM	ÁSMUNDUR ÞÓRHALLSSON	ORMSSTAÐIR			701, EGILSSTAÐIR	4713853
STRANDARLAX HF	SIGFINNUR MIKAELSSON	STRANDARVEGI 29-33	4721544		710, SEYÐISFJÖRÐUR	4721169
SUÐURLAND						
DYRHÓLALAX HF	JÓNAS ERLENDSSON	FAGRADAL	4871105		870, VÍK	4871105
ELDISSTÖÐIN ÚTHLÍÐ	VALUR ODDSTEINSSON	ÚTHLÍÐ			880, KIRKJUBÆJARKL.	4871363
FAGRADALSBLEIKJA	JÓNAS ERLENDSSON	FAGRADAL	4871105		870, VÍK	4871105
FISKALÓN HF.	HOYBYE CHRISTENSEN	ÞÓRODDSTÖÐUM			801, SELFOS	4834682
FISKELDISSTÖÐIN DJÚPÁ	GUÐMUNDUR SKÚLASON	LÆKJABOTNAR	4875987	44	850, HELLU	4876606
FISKELDISSTÖÐIN FELLSMÚLA	SVEINN SIGURJÓNSSON	FELLSMÚLI	4876528		801, SELFOSI	4876518
FISKELDISSTÖÐIN TUNGU	EINAR ÞÓRARINSSON	TUNGU			880, KIRKJUBÆJARKL.	4874885
FISKELDISSTÖÐIN TUNGUFELLI	SVANUR EINARSSON	TUNGUFELL			485, FLÚÐIR	4866723
GLÆÐIR HF	BIRGIR ÞÓRISSON	NÝBÆR			880, KIRKJUBÆJARKL.	8546061
HALLKELSHÓLAR	GÍSLI HENDRIKSSON	GRÍMSNES	4864413		801, SELFOS	4864417
KLAKHÚSÍÐ LAUGARBÖKKUM	GUNNAR GUNNARSSON	SELFOS I			800, SELFOS	4821422
KLAKHÚSÍÐ YTRA-HRAUNI	ARNAR SIGURÐSSON	YTRA- HRAUNI			880, KIRKJUBÆJARKL.	4874709
KLAKHÚSÍÐ PYKKVABÆ	SKÚLI JÓNSSON	PYKKVABÆ			880, KIRKJUBÆJARKL.	4874706
LAUGAR	BRYNJÓLFUR TEITSSON	LANDSSVEIT	4876666		851, HELLU	4876666
MERKISTEINN HF.	HELGI GUÐMUNDSSON	EYJARLANDI	5544998		801, SELFOS	4861233
NORÐUR HJÁLEGA	BÖÐVAR JÓNSSON	NORÐURHJÁLEGA Í ÁLFTAVERI			880, PYKKVABÆJARKL.	4871386
NÚPAR	MARKÚS RUNÓLFSSON	NÚPAR III	4834013		801, SELFOS	4834720
SEIÐAELDISSTÖÐIN SPÓASTÖÐUM	ÞORFINNUR ÞÓRARINSSON	SPÓASTAÐIR BISK.	4868763		801, SELFOS	4868863
SILFURSTJARNAN AÐ ÖXNALÆK	STEFÁN ÓLAFSSON	ÖXNALÆKUR			801, SELFOS	4834654
STOFNFISKUR HF/ÖXNALÆK	STEFÁN ÓLAFSSON	ÖXNALÆKUR			810, HVERAGERÐI	4834464

VIÐAUKI 2. SKRÁ YFIR AÐSETUR SKRIFSTOFU FISKELDIS- OG HAFBEITARSTÖÐVA, FRAMKVÆMDASTJÓRA PEIRRA OG SÍMANÚMÉR.

FYRIRTÆKI	FRAMKVÆMDASTJÓRI	AÐSETUR SKRIFSTOFU	MYNSENDIR	P. BOX	PÓSTFANG	SÍMI
AUSTFIRÐINGUR HF	SIGTRYGGUR HREGGVIÐSSON	SMÍÐJUSTÍÐUR 1			735, ESKIFJÖRÐUR	4761476
DYRHÓLALAX HF	JÓNAS ERLENDSSON	FAGRADAL	4871105		870, VÍK	4871105
DÝHÓLL HF	SIGURÐUR H. ÞORSTEINSSON	HOLTABRAUT 12	4524625		540, BLÖNDUJÓ	4524192
ELDISSTÖÐIN DRANGSNESI	GUÐMUNDUR HALDÓRSSON	DRANGSNES			520, DRANGSNES	4513218
ELDISSTÖÐIN EFRA SKARÐI	MAGNÚS ÓLAFSSON	EFRA SKARÐI			301, AKRANES	4338917
ELDISSTÖÐIN ELLIÐAÁR	JAKOB HAFSTEIN	RAFMAGNSVEITA REYKJAVÍKUR			110, REYKJAVÍK	5539960
ELDISSTÖÐIN HVASSAFELLI	GÍSLI ÞORSTEINSSON	HVASSAFELL II	4350033		311, BORGARNES	4350044
ELDISSTÖÐIN KVERNGRJÓTI	PRÓSTUR HARÐARSSON	KVERNGRJÓT			371, BÚÐARDALUR	4341520
ELDISSTÖÐIN MIÐHRAUNI	BYNDÍS H. GUÐMUNDSDÓTTIR	MIÐHRAUNI	4356675		311, BORGARNES	4356786
ELDISSTÖÐIN SELDAL	STEFANÍA G. GÍSLADÓTTIR	SELDAL			740, NESKAUPSSTAÐUR	4771494
ELDISSTÖÐIN ÚTHLÍÐ	VALUR ODDSTEINSSON	ÚTHLÍÐ			880, KIRKJUBÆJARKL.	4871363
ELDISSTÖÐIN PRÁNDARSTÖÐUM	STEFÁN H. JÓHANNSON	PRÁNDARSTAÐIR	4713866		701, EGILSSTAÐIR	4713846
ELDISSTÖÐIN ÞVERFELLI	INGA HELGA BJÖRNSDÓTTIR	ÞVERFELLI II			311, BORGARNES	4351400
EYRAELDI EHF.	HILMAR JÓNSSON	EYRARSPARISJÓÐUR PATREKSF.	4562651		TALKNAFIRÐI	4561151
FAGRADALSBLEIKJA	JÓNAS ERLENDSSON	FAGRADAL	4871105		870, VÍK	4871105
FISKALÓN HF.	HOYBYE CHRISTENSEN	ÞÓRODDSSTÖÐUM			801, SELFÓSS	4834682
FISKELDIÐ ÞVERÁ	AAGE STEINSSON	VATNSFJÖRÐUR			451, PATREKSFJÖRÐUR	4562003
FISKELDI EYJAFJARÐAR	ÓLAFUR HALLDÓRSSON	GLERÁRGATA 36	4627430		600, AKUREYRI	4612494
FISKELDISFÉLAGIÐ ÍSLANDSLAX HF	ÓLAFUR WERNERSSON	STAÐUR	4268789		240, GRINDAVÍK	4288788
FISKELDISSTÖÐIN	GUNNAR KOLBEINSSON	SYÐRI-KNARRARTUNGU	4356746		311, BORGARNES	4356746
FISKELDISSTÖÐIN AUÐLINDIN	MAGNÚS GUÐJÓNSSON	HRÚTSHOLTI II	4356774		311, BORGARNES	4356660
FISKELDISSTÖÐIN DJÚPÁ	GUÐMUNDUR SKÚLASON	DRAFNARSANDUR 4	4875987		850, HELLA	4875987
FISKELDISSTÖÐIN FELLSMÚLA	HRÓLFUR ÖLVERSSON	BUGÐULÆKUR 3			104, REYKJAVÍK	5687905
FISKELDISSTÖÐIN HLÍÐ	GUNNAR L. JÓHANNSON	HLÍÐ			625, ÓLAFSFJÖRÐUR	4662461
FISKELDISSTÖÐIN ORMSTÖÐUM	ÁSMUNDUR ÞÓRHALLSSON	ORMSSTAÐIR	4662561		701, EGILSSTAÐIR	4713853
FISKELDISSTÖÐIN TUNGU	EINAR ÞÓRARINSSON	LANDBROTI VÍKIRKJUBÆJARKL.			880, KIRKJUBÆJARKL.	4874885
FISKELDISSTÖÐIN TUNGUFELLI	SVANUR EINARSSON	TUNGUFELL			845, FLÚÐIR	4866723
FISKRÆKTARSTÖÐIN HÚSAFELLI	ÓÐINN SIGÞÓRSSON	EINARSNES	4371667		311, BORGARNES	4371667
FISKRÆKTARSTÖÐIN LAXEYRI	ÓÐINN SIGÞÓRSSON	EINARSNES	4371667		311, BORGARNES	4371667
GLÆÐIR HF.	BIRGIR ÞÓRISSON	KLAUSTURVEGUR 4			880, KIRKJUBÆJARKL.	4874609
HAFBEITARSTÖÐIN KIRKJUFELLI	HARALDUR MAGNÚSSON	RAUÐALÆK 71			105, REYKJAVÍK	5534447
HALLKELSHÓLAR	GÍSLI HENDRIKSSON	HALLKELSHÓLAR	4864413		801, SELFÓSS	4864417
HÓLALAX HF	PÉTUR BRYNJÓLFSSON	GRUNNSKÓLINN HÓLUM	4535543		551, SAUÐÁRKRÓKUR	4536601
HÖFÐI SF	BÁRÐUR ÁRNASON	BRUNNAR 16			450, PATREKSFJÖRÐUR	4561396
JÖKULL EHF	ÞORBJÖRN SIGURÐSSON	ÆGISGATA 22			625, ÓLAFSFJÖRÐUR	4662414
KLAKHÚSIÐ LAUGABÖKKUM	GUNNAR GUNNARSSON				800, SELFÓSS	

FYRIRTÆKI	FRAMKVÆMDASTJÓRI	ADSETUR SKRIFSTOFU	MYNSENDIR	P. BOX	PÓSTFANG	SÍMI
KLAKHÚSIÐ YTRA-HRAUNI	ARNAR SIGURÐSSON	YTRA- HRAUNI			880, KIRKJUBÆJARKL.	4874709
KLAKHÚSIÐ PYKKVABÆ	EINAR BJARNASON	PYKKVABÆ			880, KIRKJUBÆJARKL.	4874704
KLAKSTÖÐIN	JÓNAS ÞÓRDARSON	AUSTURGÖRÐUM/KELDUHVERFI			640, HÚSAVÍK	4652285
KLAKSTÖÐIN FOSSATÚNI	STURLA GUBBJARNASON	FOSSATÚN			311, BORGARNES	4351243
LAUGAR	BRYNJÓLFUR TEITSSON	LANDSSVEIT	4876666			4876666
LAXELDISSTÖÐ RÍKISSINS	JÓNAS JÓNASSON	VAGNHÖFÐA 7	5676420		112, REYKJAVÍK	5676400
LAXINN EHF	ÓLAFUR SKÚLASON	LAXALÓN	5872707		110, REYKJAVÍK	5874550
LAXÓS (PROTABÚ)					625, ÓLAFSFJÖRÐUR	
LIND	STEINÓLFUR LÁRUSSON	YTRI FAGRIDALUR			371, BÚÐARDALUR	4341558
MÁKI EHF	GUÐMUNDUR ÖRN INGÓLFFSSON	SKÓGARGÖTU 10b			551, SAUÐÁRKRÓKUR	4536446
MERKISTEINN EHF.	HELGI GUÐMUNDSSON	LÆKJARHJALLI 16	5544998		KÓPAVOGUR	5543039
NAUTEYRI HF	JÓHANN GEIRSSON	STIGAHLIÐ 48			104, REYKJAVÍK	5887512
NJÓRVI HF	BJÖRN BALDVINSSON	LYKKJU III	5667576	292	270, KJALARNESI	5667475
NORÐUR HJÁLEGA	BÖÐVAR JÓNSSON	NORÐURHJÁLEGA Í ÁLFTAVERI			880, PYKKVABÆJARKL.	4871386
NORÐURLAX HF	JÓN HELGI BJÖRNSSON	LAXAMÝRI	4642250		641, HÚSAVÍK	4641770
NORRÆNA SJÓELDIÐ	JIM ROGER NOROLY	TRYGGVAGATA 26	5523349		101, REYKJAVÍK	5523310
NÚPAR	MARKÚS RUNÓLFFSSON	NÚPAR III	4834013		801, SELFÓSS	4878311
RIFÓS HF	ÓLAFUR JÓNSSON	LÓNI, KELDUHVERFI	4652191		671, KÓPASKER	4652190
SEIÐELDISSTÖÐIN SPÓASTÖÐUM	ÞORFINNUR ÞÓRARINSSON	SPÓASTAÐIR BISK.	4868763		801, SELFÓSS	4868863
SILFURSTJARNAN HF	BENEDIKT KRISTJÁNSSON	NÚPSMÝRI	4652318		671, KÓPASKER	4652319
SILUNGUR HF	JÓNATAN ÞÓRDARSSON	VOGAR /VATNSLEYSUSTRÖND	4246745		190, VOGAR	4246716
STOFNFISKUR HF	VIGFÚS JÓHANSSON	LAUGARVEGUR 103	5528401	5166	125, REYKJAVÍK	5528400
STRANDARLAX HF	SIGFINNUR MIKAELSSON	STRANDARVEGI 29-33	4721544		710, SEYÐISFJÖRÐUR	4721169
STRAUMFISKUR HF	JÓN STEFÁNSSON	SVALBARÐSEYRI	4627766		601, AKUREYRI	4627766
SVARTHAMAR HF	ÞORVALDUR V. MAGNÚSSON	HAUKAMÝRARGILI	4641444		640, HÚSAVÍK	4641480
SVEINSEYRARLAX	HANNES BJARNASON	SVEINSEYRI	4562287		465, BÍLDUDALUR	4562288
SÆBYLI HF	AGNAR STEINARSSON	VOGAVÍK	4246722		190, VOGAR	4246649
TILRAUNASTÖÐ HAFRANNSÓKNAST.	JAKOB JAKOBSSON	SKÚLAGÖTU 4			101, REYKJAVÍK	5520240
TILRAUNASTÖÐ KELDNAHOLTI	ÓLAFUR GUÐMUNDSSON	KELDNAHOLTI	5771020		112, REYKJAVÍK	5771010
VÍKURLAX	GUNNAR BLÖNDAL	YSTU-VÍK	4612365		601, AKUREYRI	4612365
VOGAVÍK	HINRIK GREIPSSON	SUÐURLANDSBRAUT 4	5689588		150, REYKJAVÍK	5889100
P.ÞÚ SILFURLAX (HÖMLUR EHF)	JAKOB	LYNGHÁLSI 9	5671079		112, REYKJAVÍK	5605935